




Neytendasamtókin

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
www.ns.is ns@ns.is
tel. +354 5451200

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
B/t Haralds L. Haraldssonar bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði



Reykjavík 31. ágúst 2015

Efni: Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2016.

Með bréfi þessu fara Neytendasamtókin þess á leit við bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hún styðji neytendastarf á næsta ári með framlagi til Neytendasamtakanna.

Neytendasamtókin hafa í meira en 60 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur og aðstoðað þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsmenn eru um 8.000 og standa þeir að mestu undir rekstri starfsemiinnar með félagsgjöldum sínum. Neytendasamtókin reka leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu fyrir neytendur og leigjendur. Neytendasamtókin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hinsvegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að stórum hluta til í þetta verkefni. Í sumum nágrannalandi okkar sinna sveitarfélög slíkri þjónustu og því er ekki óeðlilegt að sveitarfélög hér á landi taki þátt i að greiða að hluta fyrir þessa þjónustu.

Margir virðast halda að Neytendasamtókin séu opinber stofnun og ætlast til margs af þeim. En á meðan krafan um öflug neytendasamtök er hávær fer minna fyrir áhuganum á að styðja við samtökin þannig að þau geti orðið enn öflugri.

Neytendasamtókin sækja því um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna þeirra páttá í starfsemi sinni sem teljast samfélagsleg verkefni. Miðað er við 5 krónu framlag á hvern íbúa miðað við íbúatölu eins og hún er hjá Hagstofunni. Því sækja Neytendasamtókin um styrk hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að upphæð 139.375 kr. vegna starfsársins 2016.

Virðingarfullst
f.h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson formaður

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ACCOCIATE MEMBER OF IC, BEUC AND ICRT